

HARDTOP FLEXI

GERÐ: HARDTOP FLEXI er tvíþátta, mjög sveigjanleg pólýúretanmálning, með hátt þurrefni og góða lit- og gljáheldni.

NOTKUNARSVIÐ: HARDTOP FLEXI er einkum ætlað sem lokaumferð í epoxýmálningarkerfi. Hentar einkar vel þar sem reynir á högg-og sveigjuþol málingarkerfisins.

LITUR: Samkvæmt Multicolor litakerfi.

ÁFERÐ: Gljáandi (70-85).

UNDIRBÚNINGUR: Flöturinn, sem mála á, skal vera þurr og laus við ryk, olíu, feiti og önnur óhreinindi. Ryð og glóðarskel skal hreinsa vandlega af fletinum t.d. með vírburstun, skröpun eða sandblæstri.

EFNISMEDFERÐ: Blöndun efnis(rúmmál):

4 hlutar A og 1 hluti B. HRÆRIÐ BLÖNDU VEL SAMAN MEÐ BORVÉL Í 2 MÍNÚTUR FYRIR NOTKUN.

Ófullnægjandi hræsla dregur úr gæðum málningsfilmu. Mála má með pensli, rúllu eða háþrýstisprautu.

NOTATÍMI: Um 1 klst. við 23°C eftir blöndun hluta A og hluta B.

AÐSTÆÐUR VIÐ MÁLUN: Flöturinn skal vera yfir 5°C og 3°C yfir daggarmörkum loftsins meðan á málnun stendur.

YFIRMÁLUN: Eftir 6 klst. við 10°C breytilegt eftir efnisnotkun, hitastigi og öðrum aðstæðum.

EFNISNOTKUN: 6-10 m²/l í umferð, háð málnunaraðferð og aðstæðum.

ÞYNNIR OG HREINSUN ÁHALDA: KJARNÞYNNIR

Upplýsingar þessar eru samkvæmt okkar bestu vitund, sé ósamræmi til staðar skal útgáfa framleiðanda ráða. Mælt er með því að lesa tæknigagnablað (TDS) öryggisblaðið (SDS) og notkunarleiðbeiningar (AG) fyrir notkun þessarar vöru af heimasíðu www.jotun.com

Inniheldur: xylene; decanedioic acid, 1,10-bis(1,2,2,6,6-pentamethyl-4-piperidinyl) ester, mixt. with 1-methyl 10-(1,2,2,6,6-pentamethyl-4-piperidinyl) decanedioate; 2-Propenoic acid, 2-methyl-, 2-(dimethylamino)ethyl ester, polymer with butyl 2-propenoate, compd. with polyethylene glycol hydrogen maleate C9-11-alkyl ethers fatty acids, C14-18 and C16-18-unsatd., maleated

Varúð. Eldfimir vökvi og gufa. Veldur húðertingu. Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð. Veldur alvarlegri augnertingu. Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif. Notið hlífðarhanska. Notið augn- eða andlitshlífur. Haldið frá hitagjöfum, heitum flötum, neistagjöfum, opnum eldi og öðrum íkveikivöldum. Reykingar bannaðar. Forðist losun út í umhverfið. Andið ekki að ykkur gufu. Safnið upp því sem hellist niður. Farið úr fötum, sem óhreinkast af efninu, og þvoið fyrir næstu notkun. BERIST EFNID Á HÚÐ: Þvoið með miklu vatni. Ef efnið ertir húð eða útbrot koma fram: Leitið lækni. BERIST EFNID Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægjið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram. Ef augnerting er viðvarandi: Leitið lækni. Fargið innihaldi/íláti í samræmi við allar staðbundnar, svæðisbundnar reglugerðir og reglugerðir á landsvísu og aðjóðavísu.

